

# Minnisblað fyrir bæjarráð Akureyrarbæjar

## Forsendur fyrir fjárhagsáætlun ársins 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028

Forsendur fjárhagsáætlunarinnar byggja á að meginuppistöðu á nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út 28. júní s.l. auk þjóðhagsspáa Íslandsbanka og Landsbankans frá því í lok apríl og maí.

### Verðlag:

Forsendur nú fyrir breytingum á rekstrarútgjöldum eru að verðbólga verði 5,8-6% á árinu 2024. Gert er ráð fyrir að verðbólga á næsta ári verði komin undir 4% í árslok. Því er reiknað með að almennur rekstrarkostnaður **hækki um 3,9%** á milli áætlana áranna 2024 og 2025.

Í samantekt Hagstofu um þjóðhagsspánna segir m.a.:

*„Hægja tók á hagvexti á seinni helmingi síðasta árs [2023] og á fyrsta fjórðungi þessa árs dróst verg landsframleiðsla saman um 4%. Horfur eru á 0,9% hagvexti í ár sem verður borinn uppi af innlendi eftirspurn. Árið 2025 er reiknað með 2,6% hagvexti og að hann verði drifinn áfram af einkaneyslu, fjárfestingu og bata í utanríkisviðskiptum. Árið 2026 er spáð 2,7% hagvexti á nokkuð breiðum grunni.*

*Verðbólga hefur hjaðnað hægt á árinu, m.a. vegna þrýstings á fasteignamarkaði. Á móti vegur að peningalegt aðhald kælir hagkerfið, gengi krónunnar hefur verið stöðugt og nýlegir kjarasamningar til langs tíma ættu að styðja við hagfellda verðlagsþróun næstu ár. Reiknað er með að vísitala neysluverðs hækki um 6% að meðaltali í ár. Árið 2025 er gert ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 3,9% og að hún verði 2,7% árið 2026.*

*Horfur eru á hægari efnahagssumsvifum í ár og að atvinnuleysi aukist milli ára og verði 4,2% að meðaltali samanborið við 3,4% árið 2023.“*

Krækja á Þjóðhagsspánna í heild er hér:

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsspa/thjodhagsspa-i-juni-2024/>

### Laun:

Gengið hefur verið frá kjarasamningum fyrir flesta kjarahópa á almennum markaði til næstu 4 ára. Þar er gert ráð fyrir kjarahækkunum á árunum 2025-2028 um 3,5% á ári. Búið er að semja við aðildarfélag BSRB og ASÍ hjá sveitarfélagunum. Enn á eftir að semja m.a. við kennara og flest aðildarfélag BHM á opinbera markaðinum. Reiknað er með að kjarasamningar sem eru ófrágengnir verði sambærilegir hvað kjarabreytingar varðar og þegar hafa verið gerðir. Reiknað

er með að vegnar launahækkunar verði 4% á þessu ári<sup>1</sup> og á því næsta ári. (3,5% hækkun skv. kjarasamningi auk starfsmats- og starfsaldurshækkana 0,5%). Samtals hækka því laun um 8% frá upphaflegri áætlun 2024. Þar sem kjarasamningur er ekki lokið við öll félög eru settir inn „launapottar“ á alla málaflokka til að mæta launabreytingum vegna ógerðra kjarasamninga. Ekki gert ráð fyrir að gera þurfi launaviðauka á næsta ári vegna kjarasamninga eins og gert hefur verið s.l. tvö ár, enda reiknað með að allir samningar verði frágengnir á árinu.

## Tekjur:

### Útsvar:

Upphafleg áætlun um útsvar á árinu 2024 er 15.260.000 þús. kr. Þá er ekki gert ráð fyrir þeim launahækkunum sem munu koma á árinu. Uppfærð spá gæti verið 15,9 milljarðar miðað við þá langtímasamninga sem gerðir hafa verið á vinnumarkaði á árinu og að samningar sem eru ófrágengnir verði á sömu nótum og verið hefur. Gangi spár um hagvöxt og íbúafjölgun á árinu 2024 og 2025 eftir má búast við lítilsháttar tekjuaukningu vegna útsvars á árinu 2025. Atvinnuleysi er lítið, þó eru teikn á lofti um minni spennu á vinnumarkaði.

**Lagt er til að áætlun um útsvar á árinu 2025 verði 16.480.000 þús. kr.** sem er 8% hækkun frá upphaflegri áætlun á árinu 2024. Hækkunin er 3,7% frá líklegri útkomuspá (15.890 þús. kr.) miðað við fyrstu 7 mánuði ársins.

Hér má sjá greidda staðgreiðslu til Akureyrarbæjar fyrstu 7 mánuði ársins, tekið af vef sambandsins og neðri myndin pr. mánuð frá árinu 2022 til júlí 2024.

## Staðgreiðsla til sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs

Mánuður	2023	2024	Breyting %
Janúar	1,084,682,722	1,184,975,069	9.25%
Febrúar	1,070,208,044	1,176,546,566	9.94%
Mars	1,119,511,042	1,164,701,082	4.04%
Apríl	1,188,309,741	1,256,936,966	5.78%
Mái	1,164,818,150	1,192,823,011	2.40%
Júní	1,265,929,180	1,329,549,933	5.03%
Júlí	1,186,846,728	1,311,922,042	10.54%
<b>Total</b>	<b>8,080,305,607</b>	<b>8,617,454,669</b>	<b>6.65%</b>

Breyting fyrstu 7 mánuði 2024 / 2023

**6.65%**


Breyting %

---

**537M**

Breyting í millj.kr.

<sup>1</sup> Hér er gert ráð fyrir gerð launaviðauka á árinu 2024 þegar gengið hefur verið frá öllum kjarasamningum muni hafa 4% áhrif til hækkunar frá upphaflegri áætlun ársins. Almenn tala kjarasamninga gildi frá 1. apríl 2024 hjá sveitarfélögum.



### Fasteignaskattur og lóðarleiga:

Búið er að birta fasteignamat næsta árs. Bráðabirgða álagning gerir ráð fyrir 3.680.000.000 kr. í fasteignaskatt og 830.000.000 kr. í lóðarleigu miðað við óbreytta álagningarprósentu.

### Jöfnunarsjóður:

Endurskoðuð áætlun fyrir Jöfnunarsjóð er 5.847.000.000 kr. að meðtöldu framlagi vegna skólamáltíða, 197.000.000 kr.

**Áætlun skatttekna í heild fyrir árið 2025 hljóðar því samtals upp á 26.837.000.000 kr. Er það 8,87% hækkun frá upphaflegri áætlun ársins 2024.**

### Gjaldskrár:

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár fyrir ýmsa þjónustu hækki í samræmi við almennar verðlagsforsendur og tilmæli Sambands ísl. sveitarfélaga vegna kjarasamninga sem hvetja til þess að gjaldskrárhækkunum sé stillt í hof á árinu 2025.

### Rammi:

Ramminn mun byggja á fjárhagsáætlun ársins 2024 með viðaukum og ógerðum launaviðaukum, uppreiknaður m.v. forsendur næsta árs. Auk þess verður eftirfarandi verkefnum bætt við rammann:

- Leikskólagjöldum miðað við breyttar forsendur frá upphaflegri áætlun 2024. Þar eð 6 tíma gjaldfrjálstan leikskóla og 3,5% hækkun á gjaldskrá á dvalartíma umfram 6 klst. Stuðst er við sambærilega nýtingu og hefur verið ásamt áhrifum tekjutengds afsláttar á fyrri hluta ársins 2024. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna þessa frá upphaflegri áætlun 2024 í leikskólum er 65 milljónir kr. og í grunnskólum (frístund) 5 milljónir kr. vegna tekjutengds afsláttar og breytinga á innheimtukerfi (gjaldfrjálssir 6 tímar).
- Gjaldfrjálssar skólamáltíðir í grunnskólum hækka rammann um 230 milljónir kr. sem er hlutur Akureyrarbæjar. Framlag Jöfnunarsjóðs er 197 milljónir króna.
- Hækkun í ramma vegna Hólmasólar sem tekur á launa- og verðlagsbreytingum á samningi við Hjallastefnuna ásamt áhrifum breyttrar gjaldskrár, 49 millj. kr. frá upphaflegri áætlun 2024.

- Þjónustukjörnum sem hófu eða hefja rekstur á árinu 2024 (Hafnarstræti og Dvergaholt) miðað við rekstur í heilt ár á árinu 2025, samtals 185,3 millj kr.
- Vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda, 152 milljónir kr. og tekjur úr Jöfnunarsjóði auknar um 150 milljónir kr. á móti þeim kostnaði.
- Vegna reksturs fjölskylduheimilis er gert ráð fyrir heilsárs rekstri og viðbótarframlag við núverandi ramma eru 35 milljónir kr. Framlag ríkisins til verkefnisins er 54 milljónir kr. á ári.

Samtals er viðbótin við núverandi fjárhagsáætlun 374,3 milljónir króna.

Akureyri, 14.8.2024

DJB/KB

Hlekkir á ítarefni:

Hagstofan: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsspa/thjodhagsspa-i-juni-2024/>

Seðlabankinn: [https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Peningamal/2024/mai-2024/PM24\\_2\\_spatoflur.pdf](https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Peningamal/2024/mai-2024/PM24_2_spatoflur.pdf)

Landsbankinn: <https://www.landsbankinn.is/uploads/documents/frettabref/2024-07-frettabref-hagfraedideildar.pdf>

Íslandsbanki: [https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/%C3%9EHS-24-05-skyrsla\\_IS.pdf](https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/%C3%9EHS-24-05-skyrsla_IS.pdf)

Sambandið: <https://app.powerbi.com/view?r=eyJrIjoiNzA5OWE3MzAtNTFhYS00NmQzLWlwmMtNWFiYjBiZjNjNzc2liwidCI6IjU0ZmNIODg4LTY0MDYtNGQ3Yy04YjdLLThmYjBhNGY5MjgzMCIslmMiOjh9>